# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 7

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Hin háttvirta niðurjöfnunar nefnd hefir gjört mjer 25 Kr aukaútsvar til Reykjavíkur-bæjar fyrir árið 1910, og af því að jeg ekki get álitið það rjett, að jeg sje settur í svo hátt útsvar af þeim árstekjum, sem jeg hef, 840 Kr. á ári, eða 70 Kr mánaðarlaun, og sem eiga nægja mjer, ef jeg sjálfur án annara hjálpar á að fæða mig, klæða og borga húsnæði, og svo af því, að jeg sje, að aðrir, í líkri stöðu og jeg, eru settir í tiltölulega lægra útsvar, leyfi jeg mjer hjermeð að kæra yfir þessu útsvari mínu og beiðast niðurfærslu á því.

Til samanburðar leyfi jeg mjer að nefna fröken Elínu Stephensen, dóttur landshöfðingja, sem er á skrifstofu verslunarinnar „Edinborg" og hefir á ári 600 Kr laun eða 50 Kr á mánuði.

Á hana er aðeins lagt 10 Kr útsvar, eða aðeins 1/5 part af mánaðarlaununum, en á mig er lagður meir en 1/3 af launum mínum á mánuði hverjum.

Ennfremur hefir nefndin sleppt alveg hjá útsvari mönnum, sem að því jeg frekast veit hafa jafnmiklar tekjur og jeg og búa hjá foreldrum sínum; og á jeg hjer við dætur rektors Steingríms Thorsteinssonar og gjaldkerans Geirs Zoëga, sem eru hjá Ljósmyndara Pétri Brynjólfssyni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg gæti nefnt fleiri, en hirði ekki um það.

Mjer hefir verið sagt, að hin háttvirta nefnd gæti heimtað gjald svo sem part af útsvari feðra þeirra, en fyrir slíku eru engin lög, enda fylgir nefndin eigi þessari reglu allstaðar.

Samkvæmt því hlutfalli, sem er á launum mínum og frk. Elínar Stephensen ætti útsvar mitt að vera 14 Kr að viðbættu svosem 2 Kr, vegna þess að laun mín eru lítið eitt hærri en hennar, — en á hinn bóginn er engin sjerstök ástæða til þess að láta hana sæta betri kjörum en mig, — leyfi jeg mjer, að beiðast þess, að útsvar mitt sje sett ofan í 16 Kr og svo þess, að útsvar verði lagt á dætur rektors og yfirkennarans við hinn almenna mentaskóla.

Reykjavík 21/4-09

Virðingarfyllst

[illegible]

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

82

Mér þótti það undrum all mikið er ég sá og móttók útsvarsseðil uppá 2 krónu aukaútsvar.

Veit ég að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur verið ókunnug um hagi mína og þessvegna lagt útsvar á mig, og ég vona að henni verði eins ljúft að létta þessari útgjalda byrði af mér, nú þegar ég hefi sagt henni frá ástæðum mínum. —

Ég er nær því 60 ára að aldri, og því orðin þreytt og farin að heilsu. - Bý ég hjá syni mínum, án kaupgjalds, einsog að líkindum lætur, þar sem honum er mikið fremur byrði að mér, en hitt, að ég vinni fyrir kaupi. Enda stend ég í ógoldinni sveitaskuld til Holta- og Ásahreppa í Rangárvallasýslu, er ég væri skyldug til að borga, ef ég ynni fyrir kaupi nokkru, sem ekki er. —

Af þessum ástæðum mælist ég hérmeð til þess að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd nemi úr gildi þessa útsvars skyldu mína og láti mig sem allra fyrst vita um úrslit þessara tilmæli minna.

Reykjavík 21. April 1909

Guðlaug Magnúsdóttir

Kárastíg nr. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

83 Reykjavík Tjarnargötu 20

Ég hef fengið reikning dags 15. þ. m. þar sem mér er gjört að greiða 4 kr, aukaútsvar

Ég leyfi mér virðingarfylst að málast til að niðurjöfnunar=nefndin vildi fella þetta útsvar niður, því ég tel mjer ekki skylt að greiða það

Ég hef alla mína æfi verið hjá foreldrum mínum og aldrei fengið kaup, og þótt þau hafi lofað mér að vera hjer í bænum í vetur þá fæ og eigi sjálf neitt kaup, heldur gengur það til foreldra minna í Keflavík í Hegranesi

Virðingarfylst

Sigurbjörg Gunnarsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

84.

þar sem eg hef meðtekið seðil sem hljóðar uppá 4 krónu útsvar. þettað vil eg leyfa mjer að kvarta yfir sökum þess að eg þykist hafa ástæður til þess. því þó eg sje kölluð vinnukona þá hef eg verið svo heylsu laus og alltaf þurft að leyta læknishjálpar og er búin að leyta flestra lækna og ekkjert dugað svo að sjálfsögðu ekkjert kaup fengið. það er sammast að segja að eg get ekkjert verk unnið nema smávegis innanhús ~~smá vegis~~ sem aldrei er mikils metið. af þessu sem eg hefi hjer nemt og komin nær sextugu vona eg að útgjald þettað mætti að minsta kosti verða nakkuð vægara þó allir sem til min þekkja láta það sama vera sem vissu sina að mjer veri ómögulegt að gjalda og vona að nemdin líti á þessar ástæður minar sem rjettar ástæður

Virðingarfyllst

Lindargötu 17 – 16 April 1909
Steinun Arnadóttir

Læknisvottorð get eg fengið ef krafist verður

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

85.

Kristín Bjarnadóttir sem er hjá mjer og er gert að skylda að greiða í bæjarsjóð Reykjavíkur 4 kr. í aukaútsvar er heilsubiluð kona og vinnur að eins fyrir því er hún þarf til lífsviðurhalds.

Þetta tilkynni eg hjermeð hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd í þeirri von að hún létti útsvari þessu af nefndri Kristínu Bjarnadóttir.

Vindagerði.

Vilborg Guðnadóttir
Lv. 27.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

86

Fyrir hönd hlf. Steinars leyfi
jeg mjer að fara þess á leit við
hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd
að hún felli burtu að öllu leyti
eða að miklum mun auka-
útsvar það, er lagt hefur verið
á „Steinar" að upphæð 100kr.
Í fyrra var lagt á hlutafjel.
þetta 150kr. aukaútsvar og færði
jeg þá rök fyrir því að þetta
væri ofhátt samanborið við t.a.
m. Íshúsfjelagið við Faxaflóa,
en þó datt mjer ekki í hug
að síðastl. ár yrði eins
slæmt fyrir fjelagið eins
og raun hefur á orðið. Vegna
þess hvað dregið hefur úr
byggingum hjer í bænum seldi
„Steinar" stein aðeins fyrir 5780kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1908, og er ekki nóg með það að
umsetningin varð svona lítil
heldur hefir fjelagið tapað af þessu
mörg hundruð krónum vegna
gjaldþrota nokkurra viðskipta-
manna. Fjelagið greiddi hlut-
höfum sínum engan arð síðastl.
ár enda hafði það beint tap
á atvinnurekstrinum. Útlitið
fyrir yfirstandandi ár er svo
slæmt, að stjórnin hefir á-
kveðið að hætta alveg steins-
gjörð um næstu mánaðamót.
Það er því bert að það er engin
sanngirni að leggja nokkurt
útsvar á fjelagið þetta ár,
að minnsta kosti [struck through] 100 kr.
útsvar engri átt borið saman
við Íshúsfjelagið við Faxa-
flóa, er gefur hluthöfum sínum
10–20% arð á ári hverju og

hefir alveg vissa umsetningu
og gróða hvernig sem árar í við-
skiptalífinu hjer í bænum.

Samkvæmt framansögðu
krefst jeg að útsvar [struck through] Steinar
verði fært ofaní 25 kr. en
útsvar Íshúsfjelagsins fært
upp í 500 kr.

Reykjavík, 19. april 1909

Jón Þorláksson.
p.t. form. h/f Steinar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

87.

Jeg undirrituð leyfi mjer virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu niðurjöfnunar-nefnd Reykjavíkur að gefa mjer eptir aukaútsvar mitt fyrir þetta ár því mjer er alls ómögulegt að greiða nefnt útsvar þar sem jeg er mjög heilsuveil verð að vinna fyrir 2 börnum á unga aldri og þar að auki að greiða gjöld af húsi því, sem jeg hefi eignarrjett á, og hefi engan mjer til aðstoðar

Reykjavík Stýrmannastíg 5

Guðrún Jóhannesdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

88.

Hjer með læt jeg hina háttvirtu
niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur
vita, að jeg hefi í dag fengið útsvars
seðil að upphæð 16 kr, sem mjer
finnst ranglega á mig lagt,
af þeirri ástæðu að jeg er vinnuma-
ður, á Hamarsendum í Hraunhr,
í Mýrasýslu, (en) hef dvalið hjer vetr-
artíma frá húsbónda mínum
að leita mjer atvinnu, af þessari á-
stæðu finnst mjer að ofangreint
útsvar sje ranglega á mig lagt,
og mun jeg ekki greiða það án
dóms og laga á kveðið,
með virðingu, Vitastíg 7, í Reykjavík
20 April 1909

Guðmundur Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

89.

Með því að ég tel útsvar það, sem mér er ætlað að greiða, mjög úr hófi fram hátt, leyfi ég mér hér með að skora á hina virðulegu niðurjöfnunarnefnd að taka það af nýju til athugunar og færa það niður til mikilla muna.

Þar sem ég er nýfluttur hingað til bæjarins, er nefndinni vorkunn, þótt henni sé ekki sem best kunnugt um efnahag minn og kringumstæður. En til bendingar um það, hvað kunnugir menn hafa áður álitið um það efni, skal ég geta þess, að í fyrra greiddi ég 150 kr. aukaútsvar á Akureyri, og þori ég að fullyrða, að það var almennt álitið fullhátt, og voru þó aukaútsvör þar hærri en hér, ef miðað er við mannfjölda bæjanna. Þar var þá jafnað niður alls 17600 kr. eða rétt um 10 kr. á hvert nef; en hér eru það ekki nema um 8 krónur. –

Um efnahag minn og tekjur skal ég gefa þær upplýsingar, sem ég get.

Auk nauðsynlegra innanstokksmuna og 3 hesta, sem ég kosta allmiklu til, en hefi lítið gagn af, man ég ekki til að ég eigi annað en nímlega 1000 kr., sem ég hefi borgað af kaupverði húss þess, sem ég hefi að nafninu keypt hér í bænum, og hagurinn er ekki byggðari en svo, að ég, auk hússkuldarinnar, er ekki algerlega skuldlaus, þótt það sé ekki stórar upphæðir, eftir því sem nú er talið. –

Tekjur mínar síðastliðið ár voru þessar brúttó:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Starfslaun frá Louis Zöllner | Kr 4000.00 |
| Bankaráðsmannsþóknun | — 1000.00 |
| 1/4 af gróðahlutdeild, níml. | — 100.00 |
| | Kr. 5100.00 |

Þetta ár verða tekjurnar líkl.:

| | |
|---|---|
| Starfslaun | Kr 4000.00 |
| 1/2 bankaráðsmannsþóknun | — 500.00 |
| Gróðahlutdeild - líkl. um | — 400.00 |
| | Kr 4900.00 |

Til skýringar skal jeg geta þess, að kjörtími minn sem bankaráðsmanns er útrunninn á miðju þessu ári, og eftir atvikum býst jeg sannar ekki við endurkjöri.

Þá skal jeg taka það fram, að flutningur hingað í haust kostaði mig yfir 500 krónum, sem teljast verða „nauðsynleg útgjöld" til þess að fá að borga þetta útsvar hér, og vænti jeg að nefndin verði mér samdóma um, að rétt sé að draga það frá þess árs tekjum, áður en niðurað er á þær sem gjaldstofn, og færast þá tekjur síðasta árs niður í 4600 Kr. -

Jeg þykist sjá það, að tillit sé tekið til þess, þegar gjaldendur hafa mikinn kostnað af börnum sínum við nám erlendis eða á annan hátt, og er það auðvitað allsendis rétt, og því vil jeg geta þess, að dóttir mín var í Englandi síðastliðinn vetur, og kostaði það mig, eins og nærri má geta, töluvert. Nákvæmlega get jeg ekki sagt um, hvað mikið, en þó víst ekki minna en 700 Kr. Um leið skal jeg geta þess, að varla munu þó slík auka-útgjöld mín verða miklu minni þetta árið en á fyrra. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgun fyrir þingmennsku hefi ég ekki nefnt. Líkl. verður hún um 450 kr. – En ekki var það mikla minni upphæð sem ég eyddi í ferðalag, fundi o.fl. til þess að ná í þær tekjur.

Auðvitað er mér ekki sem best kunnugt um efni og ástæður gjaldenda, og á því óhægra með að taka menn til samanburðar. Þó vil ég leyfa mér að nefna nokkra, er mér virðist hafa tiltölulega lægra útsvar en ég, sumir mikla lægra, án þess þó að mér detti í hug að halda því fram, að útsvör þeirra, er ég nefni, sé oflág, samanborið við allan fjöldann. Til þess skortir mig kunnugleika. En ég held því fram, að mitt útsvar sé ofhátt, samanborið við þá gjaldendur, er ég nefni. En þeir eru þessir:

Emil Schou, bankastjóri.
Klemens Jónsson, landritari.
Lárus H. Bjarnason, lagaskólastjóri.
Jón Magnússon, bæjarfógeti.
Hannes Hafstein, fyrv. ráðherra
Kristján Jónsson, háyfirdómari
O. Forberg, símastjóri
Björn Jónsson, ráðherra og
Magnús Blöndahl, framkvæmdastjóri

Og svo vil ég taka einn þessara manna, Lárus H. Bjarnason til dálítið nákvæmari samanburðar. Ég tek hann til, ekki af því, að ég telji hans útsvar tiltölulega lægra en hinna, þvert á móti, heldur af því, að líkt er ákomið með honum og mér að ýmsu leyti. Við erum báðir bankaráðsmenn sem stendur, embættislaun hans og kaup mitt eru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jafn há, bæði einn við alþingismenn, og nefndin ætlar okkur jafnt útsvar.

Ég ætla að gera ráð fyrir, að líkt sé ástatt með honum og mig, að <u>eignir</u> sé óverulegar, og varla teljandi gjaldstofn. Auðvitað er mér alókunnugt um það, en tel annarsvegar víst, að varla munu eignir hans vera <u>minni</u> en mínar.

Fyrst og fremst er nú sá munur á tekjum okkar, að árið sem leið fékk hann fulla góðahlutdeild sem bankaráðsmaður, þar sem ég fékk ekki nema 1/4 (reiknað frá 1. Okt. 1907), og í ár fær hann fulla bankaráðsmanns-þóknun. Hans kjörtími er ekki útrunninn fyr en á miðju ári 1910. Þetta munar í fyrra yfir 300 kr. og í ár 500 kr. -

En það er annar munur meiri.

Staða sú, er hann fær laun fyrir sem embættismaður er föst og lögbundin. Hann fær sín laun, svo lengi sem hann getur þjónað embættinu. Mínu starfi er svo háttað, að ég get misst það, og kaup það er því fylgir, á hverri stundu, fyrirvaralaust og án eigin tilverknaðar, ef t. d. sá er kaupið greiðir fellur frá, eða breytir starfsemi sinni hér á landi, sem einmitt liggur við borð nú. Þessi munur á „ástæðum“ er svo verulegur, að ég er þess fullviss að nefndin tekur hann til greina, er hún nú fellir úrskurð um þessa málaleitun mína. -

En það er ekki þar með búið.

Ég er 54 ára gamall. Ætli ég nú að tryggja mér tekjur, er ég gæti notið, þegar ég verð orðinn sjötugur, jafnmiklar árlega og þær, er Lárus H. Bjarnason hefir sér tryggðar með eftirlaunarétti sínum, þá yrði ég að borga fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það árlega um 650 Krónur. Þetta er líka afarstór munur á ástæðum.

Ég vænti þess öruggléga, að háttvirt nefnd taki til greina:

1. Að ég fæ af Íslandsbanka minna en Lárus H. Bjarnason 300–500 Kr. eftir því við hvort árið er miðað.
2. Að til þess að tryggja mér tekjur eftir sjötugt, er svarandi til þess, er hann fær í eftirlaun, verð ég að borga á ári um — 650 Kr.
3. Að flutningur hingað í haust kostaði mig yfir 500 —
4. Að dvöl dóttur minnar í Englandi kostað yfir 700 —
5. Og ekki síst, að ólarf það, sem ég hefi keypt fyrir get ég misst fyrirvaralaust, hvenær sem er. Þá munum verðum auðvitað ekki reiknaður til peninga. —

Og loks skal ég benda á það, sem að minnsta kosti einn nefndarmanna man sama með mér, að um sama bil sem niðurjöfnunarnefndin settist á rökstóla, var ég af yfirrétti dæmdur til að borga um hálft þriðja þúsund Kr. fyrir annan mann. —

Hvernig sem ég velti þessu máli fyrir mér, þá get ég ekki betur séð, en að útsvar mitt, samanborið við Lárus H. Bjarnason, og þá ekki síður við ýmsa aðra, væri hæfilega sett um 150 Kr. Treysti ég svo vitsmunum og sanngirni hinnar háttvirtu nefndar, að hún komist að líkri niðurstöðu.

Laugavegi 20, 19. Apr. 1909

[illegible]

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

90.

Ég undirskrifuð, sem er vinnukona hjá Jóni alþingismanni Jónssyni, Laugaveg 20., leyfi mér hér með að skora á háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar að fella niður aukaútsvar það, 4 krónur, sem mér, samkvæmt niðurjöfnunarskránni, er ætlað að greiða.

Ég vænti þess, að nægja muni að taka það fram, að ég á 2 börn, og sé ég um annað þeirra að öllu leyti hjálparlaust. Tekjur mínar eru auðvitað ekki aðrar en vinnukonukaups míns. –

Laugaveg 20., 20. April 1909

Sólveig Stefánsdóttir

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

91

Reykjavík 20. April 1909.

Heiðraða Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur!

Nú nýverið hef eg séð að mér hefur verið gert að greiða 16 krónur í aukaútsvar á þessu ári, þá hlýt ég efna minna og ástæðna vegna, að gera kvörtun til hinnar heiðruðu nefndar, því það hlýtur eins og eðlilegt kann að vera af stafa af ókunnugleika nefndarinnar að á mig hefur verið lagt þetta háa gjald, í samanburði við marga aðra sem hafa að mun lægra útsvar en miklu betra gjaldþol og get ég tilfært mörg dæmi í því efni ef þurfa þykir.

Við hjónin erum farin mjög að kröftum, og höfum alla tíð verið fátæk og haft fyrir mörgum ómögum að sjá, og sumum fram að þessum tíma, en einum þó sérstaklega þungum fram að þessari stundu, sem var sonur okkar uppkominn, er hefur legið að heita má rúmfastur í fleiri ár, mjög þjáður af hættulegum sjúkdómi þó ástæður okkar í því efni hafi verið hans og okkar foreldranna vegna ~~hafi verið~~ lang-erfiðastar þetta að árið, þar sem líka þar á ofan að kona mín lá um lengri tíma í vetur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En þráttfyrir þessa erfiðleika mína hefur útsvarið hækkað á þessu yfirstandandi tímabili, — en ekki lækkað — og af framangreindum ástæðum vonast ég til svo góðs af hinni heiðruðu nefnd að hún sjái sér fært að færa útsvar mitt niður í 8–10 Krónur.

Vonast ég svo eftir svari frá nefndinni þessari minni málaleitun viðvíkjandi, hið allra fyrsta.

Með virðingu.

Eyvindur Eyvindarson

Vitastíg 9.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í

Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

92

Hjermeð dyrfist jeg að rita hinni heyðruðu niðurjöfnunarnefnd, Reykjavíkurbæjar. af þeirri ástæðu, að útsvar mitt fyrir yfir standandi ár, er 6 Krónur, sem borgist í Apríl og næstkomandi Október.

Ástæður mínar eru þessar. Jeg er móðir til tveggja barna. öðru þeirra gjef eg með, (vinn fyrir því). hitt er á sveit í Vatnsleysustrandarhreppi. Í februarmánuði, síðastl. lá jeg rúman mánuð, þar af 2 vikur á Landakotsspitala. Sýðan jeg kom af spitalanum, hefi jeg verið að reyna að hafa af fyrir mjer, með að vinna hjer og hvar. sem eg hefi gjetað. Jeg er nýlega trúlofuð. og er kærastinn til sjós á Egli. Þorsteins. í Bakkabúð. frá honum hefi eg enga hjálp fengið; enda er hann ekki faðir barna minna.

Af ofangreindum ástæðum, dyrfist eg að beiðast þess, að hinn heiðraða niðurjöfnunar nefnd, villji nákvæmar athuga ástæður mínar.

Allrar Virðingarfylzt
Reykjavík. 21 April 1909

Guðrún Magnúsdóttir

Til hinnar heiðruðu Niðurjöfnunarnefndar.
Reykjavíkurbæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

93.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfylst að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur kaupstaðar að hún lækki að mun aukaútsvar mitt, sem er nú á niðurjöfnunarskránni 16 kr. (sextán krónur). Jeg hefi enga fasta atvinnu, en vinn aðeins, sem daglaunamaður þegar vinnu er að fá, og svo hefi jeg móður mína heilsulitla og komna að fótum fram, til að forsorga.
Jeg komst því aðeins svo af að jeg hefi hingað til getað varist skuldum með því að spara alt við okkur, sem frekast er hægt að vera án, og eigur á jeg engar. Til þess að vita að þetta sje satt, þætti mjer vænt um ef að einhver úr hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd vildi leita sjer upplýsinga þessu viðvíkjandi.

Jeg treysti því að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd taki þessa beiðni mína til greina.

Laugaveg 18 C. (áður 20B)
Reykjavík 21 apríl 1909
Virðingarfylst

Guðmundur Ó. Pjetursson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

94

Rvík.
Miðstræti 8 B
20. apr. 1909

Við síðustu niðurjöfnun hefir hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd bæjarins lagt á mig 8 kr. auka útsvar og er ég óánægð með það. Ég er hjá móður minni efnalausri, hún er 70 ára gömul.
Mér er sagt að stúlkur með líkum ástæðum gjaldi ekkert í bæjarsjóð og vildi ég helzt sæta þeim kjörum.
Að minsta kosti treysti ég því að nefndin lækki útsvar mitt niður í 4 kr.

Ágústa Ólafsdóttir

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfylst að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur-Kaupstaðar, að hún lækki að mun „aukaútsvar" mitt, sem er nú á niðurjöfnunarskránni 14. Kr (fjórtán Krónur). Jeg hefi 3 börn í ómegð, og er mjög fátækur. Í fáum orðum sagt, þá treysti jeg mjer ekki til að borga svona hátt „auka útsvar", því jeg hefi barist við, að halda mjer frá að þurfa að leita hjálpar af bæjarsjóði. Til að vita hvort að þetta sje á rökum bygt, sem jeg nú hefi tjáð, er það beinasti vegurinn ef einhver úr hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, vildi afla sjer upplýsinga um ástæður mínar, og mun hann, þá komast að raun um að það sem hjer er sagt er satt.

Jeg treysti því að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd taki þessa beiðni mína til greina.

Bergstaðastíg N. 17.
Reykjavík 21 April 1909
virðingarfylst.

Guðjón Brynjólfsson
G. E.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

95

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

96

þar sem Jeg hefi feingið útsvarsseðil uppá 4 krónu gjald, þá er það að líkindum gert af ókunnugleika nefndarinnar og vil eg því hjer með fyrst kvarta undan þessu gjaldi og þar með tilkynna ástæður mínar Eg er Einstæðings Ekkja Eignalaus Eg á 4 börn þar af hef eg orðið að hafa Eitt til allrar umsjónar og svo 2 önnur að því leyti sem eg hef getað og þar eg er orðin vinnu-laus opt af taugaveiklun og gigtveiki þar Efnaleysið er þar með, treysti eg mjer Ekki til að gjalda þetta gjald Eg get Ekki jafnað mjer saman við neyrn annan kvennmann því eg þekki aungvan sem hafi líkar ástæður því vona eg að nefndin geri tillit til þess sem eg hefi framborið og dragi úr gjaldinu Ef eg er annars skyldug að greiða nokkurt gjald

Virðingarfyllst

Laugaveg 54 B. 22 Apríl 1909

Rósamunda Jóh Jónsdóttir

1 er 8 ára
2 – 11 –
3 – 14 –
4 – 16 –

Til
Niðurjöfnunarnefndar. Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

97.

Hjer með brjefi þessu leyfi eg mjer virðingarfyllst að bera fram umkvörtun fyrir hönd Tengdamóður minnar, Hugborgar Guðmundsdóttur. sem hjá mjer er og hefur feingið útsvars seðil uppá 4 krónu gjald þettað synist Ekki sanngjarnt álag að hún skuli bera sama gjald sem fullkomnar vinnukonur og háttlaunaðar, hún sem er Ekkja komin fjett að 60 ára aldri og er uppgefin og lúin til vinnu og er hjer í skjóli dóttur sinnar hefur knapplega það sem hún þarf til lífsviðurhalds. því þó hún sje skrifuð vinnukona hjá mjer eða okkur þá er vinna hennar tæplega ~~tel~~ fyrir því sem hún þarf að lifa á. Svo ef hún skal Endilega gjalda þessar 4 krónur. verður það óumflyjanlegt að eg megi bæta því ofaná sjálfs míns gjald, sem eg samt mun Ekki gjalda orðalaust.

Virðingarfyllst

Laugaveg 54 – 22 April 1909

Guðni Guðnason.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

98

Hin heidrada nidurjöfnunar-
nefnd hefur lagt 4 kr. auka-
útsvar á mig undirritada
Karitas Illugadóttir Lauga-
vegi 15 en þetta hlýtur ad
vera gjört af ókunnugleik á
högum mínum því eins og
hjálagt læknisvottord ber med
sjer þá er jeg heilsulaus og
get því ekki unnid fyrir mjer
nema ad litlu leyti.
Jeg leyfi mjer því ad fara þess
á leit ad hin háttvirta nidur-
jöfnunarnefnd felli burt tjed
útsvar ad öllu leyti.

Reykjavík 22 apríl 1909
Virdingarfyllst
Karitas Illugadóttir

Til
nidurjöfnunarnefnd Reykav.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

99.

Mér hefir verið gert að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur þ. á. eftir efnum og ástæðum 4 kr. útsvar.

Efnum mínum og ástæðum er nú þannig háttað: Eg er félaus og svo heilsulítil að eg get ekki unnið fyrir mér.

Þessu hvorutveggja til sönnunar legg eg með vottorð húsmóður minnar um féleysið og læknisvottorð um heilsuleysið.

Eg leyfi mér því að fara þess á leit, að háttvirt niðurjöfnunarnefnd láti útsvar mitt alveg niður falla.

Reykjavík 22. apríl 1909.

Sesselja Sveinsdóttir.
Ingólfsstræti 8.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð vottast, að Sesselja Sveinsdóttir
er dvalið hefur hjá mjer 4 síðustu
vetur, 46 ára gömul þegar hún kom,
Hafði hún að þeim tíma sjeð fyrir
móður sinni, hefur heilsa hennar verið
mjög lasburða síðan, og síðastliðið var
var gerður á henni lífskurður, er hún
býr að síðan, er hún þar afleiðandi
alveg eignalaus.

Reykjavík 22/4 - 09.

Ragnh. Guðmundsdóttir.

kona M. Magnússonar
stýrimannakennara.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sesselja Sveinsdóttir Ingólfsstræti 8 hefur undanfarið ár verið svo veik að hún hefur ekki getað unnið fyrir sér að fullu.

Rvík 19/4 09

Matthíasson
læknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100

Reykjavík 20. apríl. 1909

Mjer til stórrar undrunar hefi jeg sjeð, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, hefur þóknast að leggja á mig aukaútsvar fyrir árið 1909, að upphæð 30 krónur, það er að mínu áliti og allra sem til þekkja altof hátt útsvar, sem að líkindum stafar af ókunnugleika niðurjöfnunarnefndarinnar, — enfremur er útsvar mitt í fylsta máta ranglátt í samanburðinum við ýmsa aðra gjaldendur og þá ekki síst, ef þeir bæjarmenn eru teknir með, sem ekkert auka útsvar eru látnir borga, þeim mönnum er hjer gott að vera.

Til samanburðar við mig vil jeg leyfa mjer að benda sjerstaklega á: Davíð bakara Ólafsson hjá C. Frederiksen, hann hefur

hjermeðal sama kaup og jeg, er einhleypur, hefur fyrir engu að sjá nema sjálfum sjer, en þó lætur nefndin hann borga 5. krónum lægra útsvar en mig, þetta er ranglátt, á hann er lagt aðeins 25 krónur, — þá er Guðjón Egilsson bakari, mjer er ekki kunnugt um, að nefndin hafi lagt á þann mann nokkurt auka útsvar fyrir þetta ár.

Af því sem jeg þegar hefi sagt, er það ljóst, að háttvirtri niðurjöfnunarnefnd hefur hjer yfirsjest og vil jeg leyfa mjer að beiðast þess að útsvar mitt verði lækkað, að minsta kosti um 5 krónur, þannig að það verði ekki hærra alls, en 25 krónur. Vænti jeg þess að þessi mjög svo sanngjarna beiðni verði tekin til greina. Heiðrað svar nefndarinnar óska jeg að fá sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Kristinn Guðm.son bakari

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

101.

Hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur þóknast að gjöra mjer 16 Kr aukaútsvar samkvæmt nýlega meðteknum seðli;

Ekki getur mjer skilist að hjer hafi verið byggt á neinni undirstöðu, þar sem jeg hafi nýlega afhent bú mitt til skipta meðferðar, og er því með öllu eignalaus maður. þar ofaná bætist að jeg hafi alls enga atvinnu haft á þessum vetri. sem stafar af peningaleisi almennings og eðlilegu kraptleysi mínu til að afla mjer atvinnu, af þessu sjest að þótt jeg kynni að vera skyldur til að greiða eitthvað lítið í útsvar þá ná 16 Krónur engri átt. enda vil jeg leifa mjer að taka aðeins 2 menn til samanburðar sem báðir hafa þó óskert rjettindi annar er Jón Jónasson skósmiður Laugaveg 33 maður sem stundar skósmíði uppá eigin reikning hefur aðeins konu við vinnandi í eptirdragi og annað ekki: hann hefur aðeins 10 krónur hinn er Árni Árnason skósmiður Laugaveg 24 hann hefur líka skósmíði uppá eigin reikning og er einhleipur með öllu hann hefur aðeins 14 Krónur. þessi samanburður ætti að nægja til að sína ósamræmið milli mín og þeirra. og hefi þar á ofan fyrir ungbarni að sjá.

Eg leifi mjer því að krefjast þess að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd mætti þóknast eptir framan sögðu að lækka útsvar mitt frá 16 Kr ofaní 6 Kr. það er það hæðsta sem jeg bæði get og vil borga.

Reykjavík 21/4 1909

Guðmundur Stefánsson

Mublusmiður Smiðjuveg[?]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

102.

Eg hjer undir ritaið dirfist að fara þess á leit við hina heiðruðu Niðurjöfnunar nefnd að henni mætti þóknast að veita mjer eftir gjöf á hálfu sveitarútsvari mínu, því eg finn mig ekki hafa ástæður til að greiða meir því síðast liðið sumar var eg oftast veik, og það fram að þessum tíma; og sonur minn mjög atvinnu lítill, og hvíla á okkur ógreiddar skuldir

Bergstaðastræti. 9. 22 april 1909

með virðingu. Ingveldur. Olafsdottir

til Niðurjöfnunar nefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

103

Hin heidrada nidurjöfnunarnefnd hefur gert mjer 12 króna útsvar. En svo hátt útsvar get jeg með engu móti borgað. Jeg á 2 börn, sem jeg hef heima hjá mjer, annað á 2. ári, en hitt á 10. ári. Auk þess gef jeg með 3. barninu undir 40 kr. á ári. Konan mín er mjög heilsulítil, og heimilið verður að fram-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fer alt eingöngu á vinnu
minni, en hún er mjög
rýr eða gefur lítið af sjer.
Atvinna mín er að hirða
skepnur og sækja vatn og
gera hvað annað, sem jeg
get náð í að gera og kemst
yfir, en eins og þegar
er tekið fram eru tekjurnar
af atvinnu minni mjög
litlar, svo að jeg á mjög
erfitt með að fram-
fleyta heimili mínu.
Jeg leyfi mjer því
að fara þess á leit
að útsvar mitt verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lækkað niður í 6 krónur.

Reykjavík, Grettisgötu 31,
21. apríl 1909.

Kristján Guðmundsson.

Til
niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

104

Hérmeð leifi ég mér allra virðingarfylst, að beiðast þess, að mér verði veitt uppgjöf á aukaútsvari því er á mig hefur verið lagt fyrir árið 1909. þarsem ég er manneskja mjög heilsulítil, og mínar litlu tekjur gjöra ekki meir en hrökkva fyrir fötum, og tilkostnaði þeim er heilsuleysi mitt ollir mér. Með besta trausti til niðurjöfnunar nefndarinnar, um að hún taki þessa beiðni mína til greina.

Virðingarfylst:

Bræðrabergarstig no 14. 23. April 1909.

Rannveig Sigurðardóttir

Til

formanns: Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirritaður: sem verið hef húsbóndi
Rannveigar Sigurðardóttir í samfleitt 6 ár
votta hérmeð að heilsa hennar hefur verið
mjög svo tæp öll þau ár, og hún orðið að kosta
mjög miklu til sín fyrir meðul og annað er
hún hefur lagt í kostnað með til þess að fá
heilsu sína bætta, en flest þó árangurslítið.
Efnahagur hennar er því ákaflega tæpur, og
góðragjalda vert hvað lengi hún leist við
að þurfa ekki að vera uppá aðra komin
Þetta get ég vottað með góðri samvisku

Bræðraborgarstíg no 14. 23. April 1909.

Sigurður Sigurðsson

([illegible])

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

105

Þar ed eg er gipt kona
finn eg mig ekki skyldu
til ad borga útsvar það,
er hin háttvirta niðurjöfnunar
arnefnd, hefir lagt á mig
að upphæð 4 krónur, eg hygg
ad útsvar það, er eiginmaður
minn Magnús Þórarinsson
hefur, sem eru 16 krónur
nægji fyrir okkur bæði

Virðingarfyllst

Rvík Vatnsstíg 6. 23 apríl 1909.

Guðlaug Þ. Sigurðardóttir

Til
formanns niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

106

Jeg geng út frá því, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd, þá er hún jafnaði niður útgjaldi bæjarins, á mig og aðra; að hún yfirleitt hafi byggt á einhverjum nýtum upplýsingum, um tekjur gjaldanda.

Hvað mjer viðvíkur, þá á jeg ómögulegt með að skilja í, af hvaða ástæðum að útsvar mitt hefur verið — allt í einu — hækkað, úr því sem það var Kr. 35.00 upp í 50 krónur. Laun mín yfir árið eru 1500 Kr. — eins og jeg áður, fyrir c 2ur árum skýrði hinni þáverandi nefnd frá, var þá útsvar mitt fært niður í 30 Kr. úr 40 Kr. — Síðast liðið ár var það fært upp um 5 krónur, — jafnframt því sem jeg frá þeim tíma hefi haft c 100–200 Kr meiri laun — óvissar tekjur samt — fjekk jeg því vera að amast við þeirri gjaldhækkun.

Að jeg nú í ár eigi von á c 800–1000 Kr. aukatekjum þá get jeg — því er nú ver — alls ekki fundið út, hvaðan þær ættu að koma.

Við samanburð á niðurjöfnunarskránum frá í ár og fyrra sje jeg að hjá öllum, sem ekki hefur verið búist við að hefðu auknar tekjur er útsvarið sama og áður. Mjer þykir óþarft að vera að telja upp ýmsa verzlunarmenn eða td. skipstjóra sem hafa lík laun og jeg; en læt mjer nægja þær upplýsingar um mig er jeg hefi gefið hinni háttvirtu nefnd, og vonast svo til að útsvar mitt verði fært niður í það sem það áður var. — Virðingarfyllst

Reykjavík 19 April 1909.
Jón Eyvindsson
verzlunarmaður.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

107

Sökum þess að jeg undirrituð ligg undir viðvarandi heilsuleisi og get ekki unnið fyrir mér til lífsframdráttar og er þarafleiðandi örsnauð og hefi samasem ekkert uppá að hlaupa af eigin ramleik og á ekki heldur neynna að, einn fremur en annan, til að hjálpa mér, þá leyfi jeg mér hér með að beiðast algjerlega undanþágu(?) auka útsvari til bæjarsjóðs því jeg get ekki borgað það.

Útsvars listann, sem mér var sendur, legg jeg hér með og vottorð frá hr. lækni G. Björnssyni um vanheilsu mína.

Rvík Laugav. 66. 23. apr. 1909

með virðingu

Sigurlaug Guðmundsd.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurlaug Guðmundsdóttir er vegna vanheilsu ekki fær um að vera í vist

Rv. 1/8 1904

G. Björnsson
læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 2630

~~Herra~~ Sigurlaug Guðmundsdóttir

Lv 66.

| á að greiða í bæjarsjóð árið 1909: | Kr. | Aur. |
|---|---|---|
| 1. **Aukaútsvar** . . . . . . . . . | 6 | " |
| 2. **Gjald af bygðri lóð** . . . . . | | |
| 3. — — **óbygðri lóð** . . . . | | |
| 4. **Lausafjártíund** . . . . . . | | |
| 5. **Fasteignartíund** . . . . . . | | |
| *Samtals* | 6 | " |

**Fyrri helmingur gjaldsins greiðist 1. apr. þ. á. en síðari helmingurinn 1. október þ. á.**

Sé gjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga, verður það tekið lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum 16. desember 1885.

*Reykjavík* MARZ *1909.*

B. Jósefsson

*Bæjargjaldkeri.*

*Borgað:*

*Borgað:*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Gutenberg 1909*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

108

Jeg undirskrifaður leifi mjer hjer með að beiðast þess að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur gjöri svo vel að afnema út svar það er henni þóknaðist á mig að leggja.

Ástæðan fyrir þessari beiðni minni er sú að jeg er maður fatlaður 74 ára gamall og get ekki unnið mjer brauð, verð að lifa af vinnu konu minnar sem er 65 ára, og tilstirk dóttur okkar sem er ekkja með ungt barn, eins og sjá má á manntal-inu undanfarin ár það jeg verið á vegum hennar og manns sáluga Ólafs Eyríkssonar síðan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og flutti til bæjarins
Virðingarfyllst.
Reykjavik 22/4 09
Guðm Arnason
Laugaveg 67

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

109

Reykjavík 22/4 — 09

Hjer með dirfist jeg að skrifa
hinni háttvirtu niðurjöfnunar
-nefnd viðvíkjandi aukaútsvari
sem að hún hefur gjört mjer
að borga. sem eru 16 krónur
sem af ókunnugleik nefndarinn
-ar hefur orðið mjer fyrst mikils
til ofviða, Ástæður mínar
eru þannig að við urðum fyrir
þeim mikla kostnaði að sonur
bústýru minnar Marinar Jóns
dóttir, ~~hann~~ dó í júlí síðast
liðinn lá veikur bæði heima og
á spítala um það bil heilt ár
sem leiddi af miklum kostnað
og erum við því mikið skuldug o-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar að auki hefur bústýra
mín verið bresti ennúngi á
heilsu síðann oft liggjandi og
orðin við því í miklu basli
með afkomu.
Jeg vona að nefndin kynni sjer
ástæður mínar og fái komist í
lög að gjald þettað yrði lækkað
á mjer

Njálsgötu 48
Jón Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

110

Samkvæmt niðurjöfnunarskránni hefir verið lagt á mig 4 kr. útsvar fyrir yfirstandandi ár. Þetta útsvar óska jeg að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd felli burtu, þar sem jeg dvel hjer í Reykjavík að eins vetrarlangt, en á annars heimili á Baugsstöðum í Árnessýslu – er þar vistað hjú, sem meðfylgjandi vottorð sýnir – og fer þangað aptur 14. maí; auk þess á jeg þar heilsulausa móður, sem jeg þarf að styrkja; er hún ekkja með ómaga (11 ára gamla stúlku).–

Virðingarfyllst

22/4 1909.

Elín Jóhannsdóttir

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður, votta hjer með, að.
Elín Jóhannsdóttir, sem nú er í Húsi Sigurðar=
=Thorddsens, í Reykjavík er mín vinnukona þetta yfir=
standandi fardaga ár; en ekki lausakona.

Þessu til staðfestu er nafn mitt

Baugsstöðum 17 April 1909
Guðmundur Jónsson bóndi
á Baugsstöðum
Stokkseyrarhrepp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

111.

Jeg sje að hin háttvirta niðurjöfnunar-nefnd, hefur lagt á mig Kr 50 í aukaútsvar árið 1909. Með því nú að þetta útsvar hjá mjer er svo hátt, að það nær engri átt, sem stafar víst af ókunnugleik nefndarinnar, þá leyfi jeg mjer hjer með, að krefjast mikillar lækkunar á því, jafnframt og jeg mun hjer gjöra nefndinni grein fyrir rjettmæti kröfu minnar.

Á síðastliðnu sumri, keypti jeg fasteign hjer í bænum, og lagði í hana allt, sem jeg átti til, sem þrjú þús. krónur, sem jeg borgaði strax í henni. Þessa fasteign lánaði jeg svo skömmu síðar, öðrum manni, í veð handa öðrum; nú stóð maðurinn, sem veð mitt fjekk lánað, ekki í skilum á sínum tíma, svo jeg varð að tapa fasteign minni og þar með þeim 3emur þús. krónum, sem jeg var búinn að borga í henni.

Jeg var ennfremur svo óheppinn, að baka mjer eitt þús. krónu útgjöld til bæjarsjóðs á síðastliðnu sumri og til að geta svarað þeirri upphæð, varð jeg að veðsetja þá innanhússmuni, sem jeg hafði eignarrjett á. Eptir þessi 2 óhöpp, var mjer ekki hægt að halda atvinnu minni áfram vegna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjávarkorts. Hætti jeg því verslun minni um síðastliðið nýjar, hef svo verið atvinnulaus síðan og hef ekki von um neina enn.

Jeg á ekki annað til nú en nokkra innan húsmuni í veðböndum og einn hest óveð settan, en skulda um 1200 krónur. Jeg fæ því ekki betur sjeð en að það sje ósanngjarnt fyrir öreiga mann — og atvinnulausan að borga kr. 20 til sveitar. Það er því krafa mín til niðurjöfnunarnefndarinnar að hún lækki aukaútsvar mitt fyrir árið 1909 um kr 30 — þ. e. úr kr 50 niður í 20 krónum.

Ef nefndin efast um þessa skýrslu mína, get jeg látið henni í tje, gildar sannanir, ef hún óskar þess.

Reykjavík 23. April 1909.

Hjörtur A. Fjeldsted

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

112

Hjérmeð leyfi eg mjer að mælast til þess, að útsvar það, sem á mig hefir verið lagt, 4 kr., verði felt burt.

Jeg er hálfsjötugur, eignalaus, heilsulítill yfir höfuð og hefi nú undanfarið legið rúmfastur síðan í þorralok og býst ekki við að verða til mikillar vinnu í sumar, þó að jeg losni við rúmið, þar sem heilsa mín er í svo veikum fæti, svo sem vottorð læknisins sýnir.

Rvík 23. apr. 1909.

Virðingarfyllst

Árni Þorvarðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni Þorvarðarson, Grettisgötu 18, hefur undanfarið legið rúmfastur og verið ófær til allra verka.

Rvk 24/4 1909

Guðm Hannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

113

Laugaveg 55, 22/4. '09.

Hér með vil eg láta hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur vita að eg alls ekki treysti mér til að greiða aukaútsvar það, sem hún hefir á mig lagt fyrir árið 1909, (Kr. 4,00).

Ástæður mínar eru þannig: Eg hefi móður mína, sem er um áttrætt og við rúmið í eftirdragi og til allrar umönnunar. Borga húsnæði fyrir okkur, 4 kr. 50 au. um hvern mánuð. Atvinnan rýr og lágt borguð, eins og kunnugt er, hjá kvenþjóðinni. — Með allri velvild vil eg því beiðast þess, að eg megi losast við að greiða ofannefnt aukaútsvar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verte

Með alúð
Virðingu

Anna Ólafsdóttir.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

114

Hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á mig aukaútsvar Kr. 4,00, en þar sem jeg er lasburða og vinn ekki fyrir neinu kaupi, þá get jeg alls ekki greitt þetta gjald, og verð jeg að biðja hina heiðruðu nefnd að taka það til greina.

Virðingarfyllst.

[illegible] 56ª Reykjavík 22. apr. 1909

Helga Guðmundsdóttir

Til formanns niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 1267

~~Herra~~ Helga Guðmundsdóttir
vk. Grettis 56ª

á að greiða í bæjarsjóð árið 1909:

| | Kr. | Aur. |
|---|---|---|
| 1. **Aukaútsvar** . . . . . . . . | 2/ | 9 |
| 2. **Gjald af bygðri lóð** . . . . . | | |
| 3. — — **óbygðri lóð** . . . . | | |
| 4. **Lausafjártíund** . . . . . . | | |
| 5. **Fasteignartíund** . . . . . . | | |
| *Samtals* | 2/ | 9 |

**Fyrri helmingur gjaldsins greiðist 1. apr. þ. á.**
**en síðari helmingurinn 1. október þ. á.**

Sé gjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga, verður það tekið lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum 16. desember 1885.

*Reykjavík, 15. apríl 1909.* MARZ

B. Jósefsson

*Bæjargjaldkeri.*

*Borgað:*

*Borgað:*

Gutenberg 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

115

Undanfarin ár hefur útsvar mitt verið hækkað hvað eftir annað. Eftir því sem mjer hefur verið sagt, hefur sú hækkun í hvert skifti aðallega stafað af því, að sumir nefndarmennirnir hafa haldið því fastlega fram, að jeg væri "stóreignamaður" og að jeg hafi fyrir nokkrum árum selt lóðarblett mjer til hagsmuna.

Þessar stóreignir eiga að vera jarðir og húseignir.

Jeg vil því leyfa mjer að upplýsa hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd um, að það sem jeg nú á í jarðarpörtum óveðsett, er ekki nema 2200 kr. til 2500 kr. virði. Um leið vildi jeg spyrja, hvort hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd sje ekki kunnugt um menn bæði í nefndinni sjálfri og utan hennar, sem eiga lóðir og tún hjer í bænum jafnvel margfalt meira virði en þessir jarðarpartar mínir, án þess þó, að sýnilegt sje, að útsvar þeirra sje að því skapi hærra?

Um húseignir mínar er það að segja, að á öðru hvílir þinglesin veðskuld, fullir 2/3 virðingarverðs og á hinu veðskuld um 1/2 virðingarverðs.

Jeg kannast við, að jeg seldi fyrir nokkrum árum lóðarblett mjer til hagsmuna, en mjer finst miður sanngjarnt að hækka útsvar mitt oftar en einu sinni vegna þeirrar sölu. Þrír aðrir lóðareigendur við sömu götu seldu um sama leyti lóðir fyrir <u>miklu</u> meira verð, en jeg hef ekki orðið þess var, að útsvar þeirra hafi verið fært upp í sambandi við þá sölu,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda mun í því efni ekki þurfa að vitna til fyrri ára.

Eins og hinum háttvirtu nefndarmönnum mun vera kunnugt, hefi jeg haft mikla fjölskyldu fram að færa.
Um mörg undanfarin ár hefi jeg kostað pilt til náms við Fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn og auk þess orðið að greiða fleiri þúsund krónur honum til lækningar, og síðan hann hætti að njóta Garðstyrks, hefi jeg borgað með honum 1200 kr. um árið. Það er sama sem að tekjur mínar sje 1200 kr. minni á ári. Jeg get ekki sjeð, að Niðurjöfnunarnefndin hafi tekið neitt tillit ~~til~~ til þessara miklu útgjalda. Jafnvel þó að jeg væri laus við þau, verð jeg að álíta, að 100 kr. væri fullhátt útsvar á mjer í samanburði við aðra, þegar tekið er tillit til efna og ástæðna, hvað þá heldur meðan þau hvíla á mjer.

Jeg leyfi mjer því að fara fram á, að útsvar mitt verði fært niður, svo að það verði að minsta kosti ekki hærra en 100 kr á þessu ári.

Reykjavík 22. April 1909

Virðingarfyllst
G. T. Zoëga

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Rvk 1909.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

116

Undirskrifaður leyfir sér hérmeð virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurbæjar að hún veiti mér eftirgjöf á aukaútsvari því, er hún hefir gert mér. – Ástæður fyrir beiðninni eru þessar:

1. Kona mín fékk í fyrra slæma byltu og hefir legið lengi á spítala, og síðan hún kom af honum hefir hún verið ~~[illegible]~~ [illegible] af og til. Hún getur alls ekki neitt unnið og mun aldrei geta. Ég er því alveg í vandræðum með að fá nokkurn hlut fyrir heimilinu, því ég verð alt að gera sem heimilisstörfum viðvíkur. Ég hefi alls ekki efni á að fá mér manneskju til þess að vinna það verk af hendi.–

2 Ég er sjálfur svo heilsutæpur, að mér er ómögulegt, að ganga að erfiðri vinnu og annað er mér ómögulegt að fá að gera sem mér er hentugra.

Á þessu sést, að ástæður mínar eru bágar og ég á örðugt með að komast af án þess að fá styrk, hvað þá heldur að greiða gjöld til almennra þarfa.–

Með virðingu.

Guðmundur Einarsson

Vatnsstíg 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

117

Til Skattekommissionen i
Reykavik

Jeg anmoder herved paa Fröken Bolette Finbogasens Vegne, at hun maa blive fritaget for at betale Skat. Hun fylder iaar 80 Aar er ude af Stand til at arbejde og bliver hos os til sin Död. Alt hvad hun ejer er 200 Kr, som hun engang har faaet i Arv. Frú Sigþriður Vidalin er meget yngre, har noget tilbedste, og er ikke sat i nogen Skat.

Ærbödigst

Margrethe Havsteen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

118.

Mjer er óhætt að fullyrða, að mjer hefur aldrei verið hlíft við álagningu aukaútsvara, heldur hafa útsvör mín jafnan verið með hinum hæðstu í samanburði við aðra, og hefur mjer stundum þótt það lítt viðunandi en hefi þó ekki kvartað, ekki síst vegna þess, að mjer, af löngu starfi í niðurjöfnunarnefnd þessa bæjar, er kunnugt um, hve mikið vandaverk niðurjöfnunin er, og erfitt að halda fullu jafnvægi á milli hinna einstöku gjaldenda.

Á þessu ári er útsvar mitt sett kr 375.- eða einum 50 kr lægra en í fyrra, og virðist mjer það svo ósanngjarnt, bæði í sjálfu sjer, og í samanburði við aðra gjaldendur, að jeg neyðist til þess að kvarta yfir því.

Niðurjöfnunarnefndinni getur naumast verið ókunnugt um að jeg allt næstliðið ár var meira og minna sjúkur, og varð af þeim ástæðum að takast á hendur all kostnaðarsama ferð til Kaupmannahafnar, sem jeg tel hafa kostað mig c. 1200 kr.

Ennfremur varð jeg af sömu ástæðu, að kosta töluvert fje til aðstoðar við embættisþjónustuna ½ árið. Loks varð jeg, þegar veikindin hjeldust við, neyddur til þess að segja af mjer embættinu frá 1/10 08, og hefi frá þeim tíma

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðeins notið 2/3 af hinum fyrri embættistekjum mínum eða kr 4666,67 aur.

Allt þetta vona jeg að nefndinni skiljist að sje mjög verulegur hnekkir á efnahag mínum. En þrátt fyrir það hefur nefndin aðeins lækkað útsvar mitt um einar 50 kr, og hefði sú lækkun í raun og veru verið eðlileg, eingöngu vegna þess, að jeg 3 síðustu mánuði ársins galt áskorið aukaútsvar af fullum embættistekjum mínum, þótt jeg aðeins nyti 2/3 af þeim.

Þetta útsvar 375 kr virðist mjer, þegar á allt er litið, harla fjarri því að vera rjettlátt eða sanngjarnt og hefði jeg getað búist við að það yrði eigi sett hærra en 260 kr.

Máli mínu til stuðnings skal jeg ennfremur nefna það, að J. amtmaður Havsteen, sem mun hafa mjög líkar tekjur og jeg hefi nú, og þó lítið eitt hærri þetta árið, að meðtöldum þingpeningunum, á að greiða 260 kr, og mjög líkt því næst undanfarin ár.

Lárus háyfirdómari Sveinbjörnsson, sem heldur fullum embættislaunum 5800 kr á að greiða 280 kr.

Magnús landshöfðingi Stephensen á að greiða sömu upphæð, en hefur 6200 kr í tekjur.

Tryggvi bankastjóri Gunnarsson, einhleypur maður, hefur 5000 kr að launum og á að greiða 300 kr.

Allir þessir, sem taldir hafa verið, hafa meiri, sumir miklu meiri tekjur en jeg, en eru þó settir í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

miklu lægra útsvar.

Án þess að fara lengra í þennan samanburð, leyfi jeg mjer að krefjast þess að útsvar mitt verði sett 260 kr, eins og amtmannsins, og vona jeg að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd finni ástæðu til þess að taka þá kröfu mína til greina.

Reykjavík hinn 17 April 1909

Virðingarfyllst.

Hallgr. Sveinsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

119.

Undirritud leyfi mjer hjer-
med ad kæra útsvar mitt
herra borgarstjóri.
Fyrst er þess ad geta, ad í
niðurjöfnunarskránni, er jeg skrifuð
kaupk., þeim heidri afsala jeg
mjer med öllu; og vil því
heldur ekki láta leggja útsvar
á mig sem kaupkonu.
Þar ed jeg enga stödnga
atvinnu hefi frá bænum, og
útgjöld mín því mikið
vissari en inntektir; sem standa
nú ekki nema meiru en því,
sem þarf til lífsins viðurhalds
fyrir mig og Módur mína, sem
bús og allir ættu ad vita.
(er vid þetta Mál eru ridnir) ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

getur lifað á sínum presta-
ekkju eftirlaunum; en sem þó
hefir jafnhátt útsvar og tvær
aðrar embættismannaekkjur,
sem eiga þó fasteignir fram
yfir hana, það eru: Frúrnar
Ragnheiður Guðjónsen, og Elín-
borg Kristjánsson.
Vildi jeg nú leyfa mjer að
taka nokkra heiðraða borgara
Reykjavíkur til samanburðar.
Nefni jeg þá fyrst: Ljósmæð-
urnar Þuríði Bárðardóttur og
Þórunni Björnsdóttur, er
báðar til samans eiga að
borga einni krónu minna
til bæarins en jeg og móðir
mín. Allir vita, að þótt
laun ljósmæðra ekki sjeu
talin há, þá er „Praksís“ þeirra
hjer í bænum stór.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá vildi jeg nefna Jónas próf. Jónsson, sem borga á einni krónu meira en jeg, hann hefir verið talinn efnaður maður, hefir prófasts eftirlaun; enfr. haft stöðuga kenslu í vetur, sem eftir því er jeg frekast veit hefir verið borgað með hundrað kr. mánaðarl.

Og síðast en ekki síst vildi jeg minna á tvær persónur, sem útlit er fyrir, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd ekki hafi munað eftir n.l.: Jón Kristjánsson nuddlækni og Ungfrú Maren Pjetursd., er heldur kveldskóla með Ungfrú Bergljótu Lárusard.; og er mjer kunnugt um að nefndur skóli hefir verið mjög fjölsóttur í vetur.

Reykjavík 28/4 1909.

Virðingarfyllst

Kristjana Markúsd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

borgarstjórans

í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

120

Reykjavík 22. April 1909

Skattanefnd

Reykjavíkur.

Sökum þess að mér þykir hækkun á útsvari mínu vera nokkuð gífurleg, þar sem ég áður hef haft 16 kr., en nú hækkað uppí 40. krónur

Til heimilis hef ég 4 börn ung, móður mína fullorðna og svo konuna mína; als erum við 7.

Ég hef enga fasta atvinnu, en svo ekkert sé undan skilið, þá hef ég haft unglings mann sem vinnumann síðastliðið ár.

Ég vil því fara fram á við hina háttvirtu skattanefnd, hvort hún vilji ekki færa útsvarið niður í 30 úr 40 krónum.

Virðingarfyllst

Þorgeir Pálsson

Til

Skattanefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur